



312. Stjórnarfundur haldinn 23. apríl 2008 kl:17:05

Mættir: Einar, Kári, Þórður, Sigurvin, Birgir, Guðjón og Bjarney.

1. Fundargerð síðasta fundar.

Lesin og samþykkt.

2. Innkominn bréf.

Bréf frá UMFÍ v/ unglíngalandsmóts UMFÍ '08 haldið í Þorlákshöfn.

Tölvupóstur frá Elfu Hrund (RNB) v/ starfsmanns í hlutastarf.

Ákveðið að hafna viðkomandi aðila. Aðalstjórn þarf að kostnaðargreina og átta sig á umfangi starfsins og skilgreina starfið með knattspyrnu- og körfuknattleiksdeild. Stjórnin telur sig ekki hafa fjárhagslegan grundvöll til að bæta inn starfsmanni.

Aðalstjórn leggur ríka áherslu á að búið sé að tryggja fjármagn til að standa undir launagreiðslum og öðrum þeim skyldum sem því fylgja að vera með starfsmann, áður en hann sé ráðinn til starfa.

Þarf að fara í viðræður við bæjaryfirvöld hvað þetta varðar.

3. Send bréf.

Engin

4. 17.júní 2008.

EH fór yfir væntanlegan samning sem gerður verður við RNB. EH óskaði efir tilnefningum í nefndina. Eftirtaldir aðilar skipa 17. júnínefnd félagsins: EH, PMK, SA, BSS og GA

5.Íþróttá- og leikjaskóli.

Tvær umsóknir liggja fyrir um þau tvö störf sem í boði eru. Framkvæmdastjóra falið að ráða viðkomandi aðila. Ákveðið að gjaldið verði sjö þúsund krónur.

6. Önnur mál.

EH sagði frá því að ekki hefði tekist að halda fund með Bæjar og Sparisjóðsstjóra v/ fjárhagsskuldbindinga knattspyrnudeildarinnar. EH skýrði frá skýrslu sem hann tók saman fyrir stjórnarmenn til upplýsingar, um peningalega styrki og lán til deilda frá 2002 til 2007.

Næsti stjórnarfundur ekki ákveðinn.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl.18:05

